



280. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, föstudaginn 27. september 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.

Forföll: Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi og Lilja Sigurðardóttir.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí skýrði frá helstu verkefnum Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí. Þessar vikurnar standa yfir stöðufundir með sérsamböndum ÍSí. Fyrirhugað er að standa fyrir fundum fyrir öll sambönd sem hafa sömu flokkun (A,B,C), síðar í haust.

2. Fagsvið ÍSí

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Verkefnin Göngum í skólann og Hjólum í skólann standa nú yfir. Íþróttavika Evrópu er einnig í gangi og er áhersla lögð á kynningar á ýmsum íþróttagreinum. #BeActive dagurinn var haldinn hátíðlegur í Laugardalnum 7. september sl. Þar var margt í boði fyrir gesti og gangandi. Fagráðið og starfsmenn sviðsins sóttu fund norrænna sambanda um fyrirtækjaíþróttir sem haldinn var í Danmörku. Næsti fundur verður haldinn hér á landi á næsta ári.

Almenningsíþróttasvið og Kvennahlaupsnefnd ÍSí funduðu nýverið um um framtíð Kvennahlaups ÍSí, með aðstoð Pipars, auglýsingastofu. Ýmsar tillögur urðu til úr þeim fundi, sem skoða þarf betur. Samþykkt að heimila Almenningsíþróttasviði ÍSí að vinna áfram að hugsanlegum breytingum á hlaupinu.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí skýrði frá helstu verkefnum sviðsins. Forvarnardagurinn verður haldinn í 14. sinn 2. október nk. en ÍSí er samstarfsaðili Embættis landslæknis um þetta verkefni. Fjórða ráðstefna Sýnum karakter verður 5. október nk. í Háskólanum í Reykjavík og vinnustofur verða 3.-4. október í Laugardalshöll í tengslum við efni ráðstefnunnar. Ólympíuhlaup ÍSí var sett á Ísafirði 18. september sl. með aðkomu fjögurra grunnskóla á svæðinu. Viðburðurinn tókst vel og voru móttökurnar frábærar. Stjórnendanámskeið var haldið fyrir HSP og fyrirhugað er stjórnendanámskeið fyrir starfsmenn sambandsaðila 13.-15. nóvember nk. Pálmar Ragnarsson var með þrjá fræðslufyrirlestra á Akureyri, fyrir iðkendur, foreldra og þjálfara, er fjölluðu um jákvæð samskipti. Fyrirlestrarnir voru í boði ÍSí, ÍBA, Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri og var aðgangur ókeypis. Samtals sóttu um 340 manns á fyrirlestrana, þar af 220 iðkendur íþróttá.

3. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir sjö mánaða uppgjör reksturs ÍSí. Reksturinn er í jafnvægi.

4. Þjóðarleikvangar

Forseti skýrði frá fundi sem hann átti með borgarstjóra og mennta- og menningarmálaráðherra um málefnið. Bæði ríkisvaldið og Reykjavíkurborg eru tilbúin að skoða málið frá öllum hliðum.

Verið er að skoða kröfur alþjóðasambanda íþróttagreinanna innan ÍSí varðandi leiki í alþjóðlegum mótum, s.s. Evrópumótum og Heimsmeistaramótum og mögulegar lausnir hvað þá viðburði varðar.

Miklar umræður urðu um málefnið og ýmsir fletir ræddir.

5. Flugsamgöngur innanlands

Forseti greindi frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri ÍSí áttu með Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um innanlandsflug. Voru áform ríkisins um svokallaða „skosku leið“ rædd en það snýst um niðurgreiðslu ríkisins á innanlandsflugi til einstaklinga sem eiga lögheimili á ákveðnum landssvæðum. Ekki er búið að taka ákvörðun um hvort að þessi leið verður tekin upp hér á landi.

Forseti og framkvæmdastjóri komu á framfæri nauðsyn þess að litið verði til þarfa íþróttahreyfingarinnar og heimilanna á landsbyggðinni í tengslum við þátttöku í íþróttum, við útfærslu þessarar leiðar, ef hún verður tekin í gagnið. Einnig bentu þau á mikilvægi öryggisþátta varðandi ferðalög í íþróttalegum tilgangi.

Var upplýsingagjöf ÍSí vel tekið af ráðherra og fulltrúum ráðuneytisins sem einnig sátu fundinn.

6. Formannafundur ÍSí

Formannafundur ÍSí verður haldinn í Laugardalshöll 29. nóvember nk. og hefst kl. 15:30.

Gert er ráð fyrir því að óformlegur fundur íþróttahéraða verði fyrr þennan sama dag.

Farið yfir það hvaða vinnuhópar verða að skila skýrslum á fundinum.

7. Nordic Meeting 2019

Forseti greindi frá vel heppnuðum fundi norrænna íþrótt- og ólympíusambanda sem haldinn var á Hótel Örk í Hveragerði 13.-15. september sl. Allur aðbúnaður og þjónusta á Hótel Örk var til fyrirmyndar.

Að frumkvæði forseta ÍSí funduðu fulltrúar allra Norðurlandanna sérstaklega um rafleiki.

Tölvuleikjaframleiðendur setja sjálfir reglur um sína leiki og voru fundarmenn sammála um að ekki væri ásættanlegt fyrir íþróttahreyfinguna að utanaðkomandi aðilar setji reglur um starfsemi sem er innan vébanda hreyfingarinnar. Það eigi ekki að vera mögulegt án aðkomu hreyfingarinnar.

8. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá ráðningu Krístrúnar Eyjólfsdóttur í starf móttökuritarar, í afleysingar á meðan Linda Laufdal móttökuritari leysir Kristínu Birnu Ólafsdóttur af á Almenningsíþróttasviði. Kristín Birna verður í barnsburðarleyfi fram í júlí.

Einnig hefur Birkir Smári Guðmundsson lögfræðingur verið ráðinn í 25% starfshlutfall til að sinna ýmsum málum er varða lög og reglugerðir íþróttahreyfingarinnar.

9. Heiðranir

Samþykkt var með rafrænum hætti að heiðra *Sigurð Sveinbjörnsson* með Gullmerki ÍSí. Viðar Garðarsson afhenti heiðursviðurkenninguna á afmæli Knattspyrnufélagsins Þróttar fyrir skömmu.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 279. fundur framkvæmdastjórnar
- 11. og 12. fundur framkvæmdaráðs ÍSí

- Laganefnd ÍSí frá 5. september 2019. **Tillögur laganefndar að afgreiðslu mála samþykktar.**
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSí frá 25. september 2019
- Almenningsíþróttasvið ÍSí frá 25. september 2019

11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur stjórnar verður á Akureyri 22. október nk. Verið er að vinna að dagskrá og innri tímsetningum.

Aðrir fundir stjórnar fram að áramótum verða 28. nóvember og 12. desember.

13. Önnur mál

- **Staða vinnuhópa**

Farið yfir stöðu vinnuhópa, með tilliti til skila á Formannafundi ÍSí.

- **Heimsóknir frá erlendum aðilum**

Mikil ásókn er í að fá að koma í heimsókn til ÍSí og fá kynningu á skipulagi íþróttahreyfingarinnar og starfsemi. Von er á nokkrum hópum í október og nóvember, þar á meðal háttsettum aðilum frá Liechtenstein.

- **Bocciafélag Akureyrar**

Forseti greindi frá stöðu mála.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.